

Fundur öldungaráðs 7. mars 2022; Fyrirspurn öldungaráðs um ráðstöfun styrks vegna félagstarfs fullorðinna – MSS21120013

Það kemur fram í skýrslu um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19 fyrir árið 2020, að velferðarsvið hafi óskað eftir að fá að nota óráðstafað fé upp á 15.000.000 kr. árið eftir. Ekki kemur fram í skýrslu fyrir árið 2021 hvort sú viðbótarupphæð hafi einnig verið til ráðstöfunar til viðbótar því fjármagni sem fékkst það ár. Þó skýrslurnar séu um margt vandaðar, þá finnst okkur þó skorta nákvæmari upplýsingar um einstök verkefni sem velferðarsvið kaus að verja þessu auka fjármagni til í þessi tvö ár. Því óskum við svara við eftirfarandi spurningum:

1. Yfir hvaða tímabil náði hvert verkefni fyrir sig?
2. Hvað var styrkuppheðin há fyrir hvert verkefni fyrir sig?
3. Hversu mikið var varið af styrkjunum í umsýslukostnað, eins og verkefnastjórn, auglýsingar o.sv.frv. ?
4. Í skýrslunum kemur fram að hvorugt árið var styrkuppheð fullnýtt. Af styrktarfénu var óráðstafað 15.000.000 kr. árið 2020 og um 11.500.000 kr. árið 2021. Er þetta fé enn til ráðstöfunar og hvernig mun þessu afgangsfé verða varið?